



Alþýðusamband Íslands

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2024

### Varðar þingsályktunartillögu um atvinnulýðræði, 42. mál, 154. löggjafarþings

Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) hefur mótttekið umsagnarbeiðni vegna ofangreinds máls. Málið er endurflutt nú, en er það nú flutt í fjórða sinn. ASÍ hefur sent inn umsagnir vegna hvers flutts máls, dags. 11. nóvember 2020, 9. janúar og 3. nóvember 2022. Eru allar þær umsagnir hér ítrekaðar.

Líkt og áður tekur ASÍ undir það að mikilvægt er að kanna og móta hér stefnu um atvinnulýðræði. Slík vinna þarf að vera vel ígrunduð og taka þarf tillits til þess að birtingarmyndir atvinnulýðræðis eru margskonar og ólíkar. Líkt og áður hefur komið fram í umsögnum sambandsins eru slíkar birtingarmyndir þá þegar að finna hérlendis, svo sem í lögum sem kveða á um samráð við ákveðnar sérgreindar ákvarðanatök fyrirtækja, með trúnaðarmannakerfinu og í samvinnufélögum svo dæmi séu tekin.

Mikilvægt er að staðan verði greind hér- og erlendis með gagnrýnum hætti og að markmið vinnunnar verði raunverulegt atvinnulýðræði þar sem launafólk fái að hafa áhrif á vinnu- og nærumhverfi sitt. Sérstaklega þarf að skoða með hvaða hætti er hægt að nálgast atvinnulýðræði án þess að aukin og ósanngjörn ábyrgð verði lögð á hendur launafólks. Tekið er undir umfjöllun VR í umsögn sinni um sama mál að fram undan er breyting á vinnumarkaði er varðar bæði eðli vinnunnar svo og hraðar tækniframfarir. Greining og staða atvinnulýðræðis getur orðið mikilvægur þáttur í því að launafólk hérlendis verði hluti af réttlátum umskiptum á vinnumarkaði, ef vel er gert.

Eins og áður, lýsir ASÍ vilja til þess að sitja í starfshópi ráðherra, verði tillaga þessi að þingsályktun.

Virðingarfyllt,  
F.h. Alþýðusambands Íslands

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfr.